

Steinunn Anna Hannesdóttir - Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna 2024



Steinunn Anna er fædd árið 1989 og hefur starfað hjá Landsbankanum með stuttum námshléum síðan 2011.

Steinunn hóf feril sinn í Landsbankanum sem þjónustufulltrúi í útibúi og þjónustuveri. Eftir BSc gráðu í Rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík lauk hún meistaragráðu í Engineering Management frá Florida International Univeristy í lok árs 2013 og hóf störf í áhættustýringu Landsbankans fyrri hluta árs 2014. Þar starfaði hún á sviði útlánaáhættu, mest við þróun og rekstur áhættulíkana, fram til ársins 2022 þegar hún færði sig um set innan bankans og hóf störf í viðskiptaþróun einstaklinga.

Steinunn Anna hefur víðtæka reynslu af ýmsum félagsstörfum og hefur nánast öll sín fullorðinsár sinnt stjórnarhlutverkum þeim tengdum.

Stefnumál Steinunnar snúa að því að leita leiða til að gera sjóðinn og hans rekstur sjálfbærari með réttindi ólíkra deilda hans að leiðarljósi. Sjóðurinn þarf að hafa aðdráttarafl til að tryggja nýliðun og skiptir þar mestu máli að standast samkeppni við aðra sjóði er kemur að réttindum sjóðsfélaga sem og ávöxtun sjóðsins. Sjóðsfélagar hafa margir hverjir greitt allan sinn skyldulífeyri inn í sjóðinn og eiga þeir mikið undir að vandað sé til verka í öllum ákvarðanatökum.